


FJÖLRIT

NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUNAR



Gunnlaugur Pétursson
Gunnlaugur Þráinsson

**SJALDGÆFIR FUGLAR Á
ÍSLANDI FYRIR 1981**

FJÖLRIT

NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUNAR

Fjölrit Náttúrufræðistofnunar er ritröð sem hóf göngu sína árið 1985. Birtar eru greinar og skýrslur eftir starfsmenn stofnunarinnar og fræðimenn sem vinna í samvinnu við þá. Í hverju hefti er ein sjálfstæð grein um náttúrufræði. Útgáfan er óregluleg. Greinar eru ritaðar á íslensku með enskum útdrætti. Þær mega einnig vera á ensku en þá skal ávallt fylgja ítarlegur útdráttur á íslensku.

Ritstjóri:

Erling Ólafsson

Netfang: erling@ni.is

Kápu mynd:

Skógarsnípa (*Scolopax rusticola*)

Teikning: Jón Baldur Hlíðberg

Útgefandi:

NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

Hlemmi 3 Pósthólf 5320 125 Reykjavík Sími 562 9822 Bréfasími 562 0815

Hafnarstræti 97 Pósthólf 180 602 Akureyri Sími 462 2983 Bréfasími 461 1296

Fjölritun: Stensill ehf.

© Náttúrufræðistofnun Íslands

ISSN 1027-832X

EFNISYFIRLIT – Contents

ÁGRIP – Abstract	10
INNGANGUR	11
TEGUNDASKRÁ – Species list	16
PODICIPEDIFORMES	
Goðaaett (Podicipedidae)	
Stúfgoði (<i>Podilymbus podiceps</i>)	16
Toppgoði (<i>Podiceps cristatus</i>)	16
Sefgoði (<i>Podiceps grisegena</i>)	16
PROCELLARIIFORMES	
Trosaaett (Diomedidae)	
Svaltrosi (<i>Diomedea melanophris</i>)	17
Fýlingaaett (Procellariidae)	
Hettuskrofa (<i>Puffinus gravis</i>)	17
Gráskrofa (<i>Puffinus griseus</i>)	18
CICONIIFORMES	
Hegraaett (Ardeidae)	
Sefpvari (<i>Botaurus stellaris</i>)	19
Reyrpvari (<i>Botaurus lentiginosus</i>)	19
Rengluþvari (<i>Ixobrychus exilis</i>)	19
Rindilþvari (<i>Ixobrychus minutus</i>)	19
Nátthegri (<i>Nycticorax nycticorax</i>)	20
Relluhegri (<i>Ardeola ralloides</i>)	20
Kúhegri (<i>Bubulcus ibis</i>)	20
Ljómahegri (<i>Egretta thula</i>)	20
Gráhegri (<i>Ardea cinerea</i>)	20
Storkaaett (Ciconiidae)	
Hvítstorkur (<i>Ciconia ciconia</i>)	32
Stórnefaaett (Threskiornithidae)	
Bognefur (<i>Plegadis falcinellus</i>)	32
Flatnefur (<i>Platalea leucorodia</i>)	32
ANSERIFORMES	
Andaaett (Anatidae)	
Dvergsvanur (<i>Cygnus columbianus bewickii</i>)	32
Akurgæs (<i>Anser fabalis</i>)	33
Taumgæs (<i>Anser indicus</i>)	33
Snjógæs (<i>Anser caerulescens</i>)	33
Kanadagæs (<i>Branta canadensis</i>)	34
Margæs (<i>Branta bernicla nigricans</i>)	35
Ryðönd (<i>Tadorna ferruginea</i>)	35
Brandönd (<i>Tadorna tadorna</i>)	35
Brúðönd (<i>Aix sponsa</i>)	36
Ljóshöfðaönd (<i>Anas americana</i>)	36
Urtönd (<i>Anas crecca carolinensis</i>)	37
Brúnönd (<i>Anas rubripes</i>)	38

Taumönd (<i>Anas querquedula</i>)	38
Bláönd (<i>Anas discors</i>)	39
Dúkönd (<i>Aythya valisineria</i>)	39
Skutulönd (<i>Aythya ferina</i>)	39
Hringönd (<i>Aythya collaris</i>)	41
Æðarkóngur (<i>Somateria spectabilis</i>)	41
Kynbl. æðarkóns & æðarfugls (<i>Somateria spectabilis</i> x <i>mollissima</i>)..	46
Krákönd (<i>Melanitta perspicillata</i>)	46
Korpönd (<i>Melanitta fusca</i>)	47
Hjálmönd (<i>Bucephala albeola</i>)	47
Hvinönd (<i>Bucephala clangula</i>)	47
Hvítönd (<i>Mergellus albellus</i>)	51
Hrókönd (<i>Oxyura jamaicensis</i>)	52
FALCONIFORMES	
Haukaætt (Accipitridae)	
Býþjór (<i>Pernis apivorus</i>)	52
Brúnheiðir (<i>Circus aeruginosus</i>)	53
Bláheiðir (<i>Circus cyaneus</i>)	53
Gráheiðir (<i>Circus pygargus</i>)	53
Ógreindir heiðar (<i>Circus</i> sp.)	53
Sparrhaukur (<i>Accipiter nisus</i>)	54
Fjallvákur (<i>Buteo lagopus</i>)	54
Skálmörn (<i>Hieraetus pennatus</i>)	54
Gjóðaætt (Pandionidae)	
Gjóður (<i>Pandion haliaetus</i>)	54
Fálkaætt (Falconidae)	
Turnfálki (<i>Falco tinnunculus</i>)	55
Kvöldfálki (<i>Falco vespertinus</i>)	56
Gunnfálki (<i>Falco subbuteo</i>)	56
Förufálki (<i>Falco peregrinus</i>)	56
GRUIFORMES	
Relluætt (Rallidae)	
Dílarella (<i>Porzana porzana</i>)	57
Engirella (<i>Crex crex</i>)	57
Sefhæna (<i>Gallinula chloropus</i>)	58
Flóðhæna (<i>Porphyryula martinica</i>)	59
Bleshæna (<i>Fulica atra</i>)	59
Kolhæna (<i>Fulica americana</i>)	63
Trönuætt (Gruidae)	
Grátrana (<i>Grus grus</i>)	63
CHARADRIIFORMES	
Mjónefaætt (Recurvirostridae)	
Bjúgnefja (<i>Recurvirostra avosetta</i>)	64
Trílaætt (Burhinidae)	
Tríll (<i>Burhinus oedicnemus</i>)	64
Trítlaætt (Glareolidae)	

Stepputritill (<i>Glareola nordmanni</i>)	64
Lóuætt (Charadriidae)	
Skræklóa (<i>Charadrius vociferus</i>)	64
Fjalllóa (<i>Charadrius morinellus</i>)	65
Gulllóa (<i>Pluvialis dominica</i>)	65
Grálóa (<i>Pluvialis squatarola</i>)	65
Vepja (<i>Vanellus vanellus</i>)	66
Snípuætt (Scolopacidae)	
Veimiltíta (<i>Calidris minuta</i>)	77
Mærutíta (<i>Calidris minutilla</i>)	78
Vaðlatíta (<i>Calidris fuscicollis</i>)	78
Rákatíta (<i>Calidris melanotos</i>)	78
Spóatíta (<i>Calidris ferruginea</i>)	79
Efjutíta (<i>Limicola falcinellus</i>)	79
Grastíta (<i>Tryngites subruficollis</i>)	79
Rúkragi (<i>Philomachus pugnax</i>)	79
Dvergsnípa (<i>Lymnocyptes minimus</i>)	80
Kanaduðra (<i>Limnodromus scolopaceus</i>)	81
Ógreindar duðrur (<i>Limnodromus</i> sp.)	82
Skógarsnípa (<i>Scolopax rusticola</i>)	82
Lappajaðrakan (<i>Limosa lapponica</i>)	85
Fjöruspói (<i>Numenius arquata</i>)	86
Sléttulæpa (<i>Bartramia longicauda</i>)	94
Sótstelkur (<i>Tringa erythropus</i>)	94
Lyngstelkur (<i>Tringa nebularia</i>)	94
Mosastelkur (<i>Tringa melanoleuca</i>)	95
Hrísastelkur (<i>Tringa flavipes</i>)	95
Svölustelkur (<i>Tringa solitaria</i>)	95
Flóastelkur (<i>Tringa glareola</i>)	95
Lindastelkur (<i>Actitis hypoleucos</i>)	96
Dílustelkur (<i>Actitis macularia</i>)	96
Freyshani (<i>Phalaropus tricolor</i>)	96
Kjóaætt (Stercorariidae)	
Ískjói (<i>Stercorarius pomarinus</i>)	96
Fjallkjói (<i>Stercorarius longicaudus</i>)	98
Máfaætt (Laridae)	
Hláturmáfur (<i>Larus atricilla</i>)	100
Dvergmáfur (<i>Larus minutus</i>)	100
Þernumáfur (<i>Larus sabini</i>)	101
Trjámáfur (<i>Larus philadelphia</i>)	102
Hringmáfur (<i>Larus delawarensis</i>)	102
Rósamáfur (<i>Rhodostethia rosea</i>)	103
Ísmáfur (<i>Pagophila eburnea</i>)	103
Þernuætt (Sternidae)	
Þaraperna (<i>Sterna sandvicensis</i>)	105
Sílaperna (<i>Sterna hirundo</i>)	106

Tálberna (<i>Sterna forsteri</i>)	106
Möttulberna (<i>Sterna fuscata</i>)	106
Kolberna (<i>Chlidonias niger</i>)	106
Tígulberna (<i>Chlidonias leucopterus</i>)	107
Ógreindar þernur (<i>Chlidonias</i> sp.)	107
Svartfuglaætt (Alcidae)	
Toppklumba (<i>Aethia cristatella</i>)	107
COLUMBIFORMES	
Dúfnaætt (Columbidae)	
Hringdúfa (<i>Columba palumbus</i>)	108
Tyrkjadúfa (<i>Streptopelia decaocto</i>)	111
Turtildúfa (<i>Streptopelia turtur</i>)	112
CUCULIFORMES	
Gaukaætt (Cuculidae)	
Gaukur (<i>Cuculus canorus</i>)	114
Regngaukur (<i>Coccyzus erythrophthalmus</i>)	115
Spágaukur (<i>Coccyzus americanus</i>)	115
STRIGIFORMES	
Ugluætt (Strigidae)	
Skopugla (<i>Otus scops</i>)	115
Snæugla (<i>Nyctea scandiaca</i>)	115
Eyrugla (<i>Asio otus</i>)	120
CAPRIMULGIFORMES	
Náttfaraætt (Caprimulgidae)	
Náttfari (<i>Caprimulgus europaeus</i>)	123
Húmfari (<i>Chordeiles minor</i>)	123
APODIFORMES	
Svölungaætt (Apodidae)	
Múrsvölungur (<i>Apus apus</i>)	123
Alpasvölungur (<i>Tachymarptis melba</i>)	125
CORACIIFORMES	
Byrlaætt (Alcedinidae)	
Beltapyrill (<i>Ceryle alcyon</i>)	126
Hranaætt (Coraciidae)	
Bláhrani (<i>Coracias garrulus</i>)	126
Herfuglaætt (Upupidae)	
Herfugl (<i>Upupa epops</i>)	126
PICIFORMES	
Spætuætt (Picidae)	
Gauktíta (<i>Jynx torquilla</i>)	127
Safaspæta (<i>Sphyrapicus varius</i>)	127
Barrspæta (<i>Dendrocopos major</i>)	127
PASSERIFORMES	
Greipaætt (Tyrannidae)	
Mýgreipur (<i>Empidonax virescens</i>)	127
Lævirkjaætt (Alaudidae)	

Sandlævirki (<i>Calandrella brachydactyla</i>)	128
Sönglævirki (<i>Alauda arvensis</i>)	128
Svöluætt (Hirundinidae)	
Bakkasvala (<i>Riparia riparia</i>)	129
Landsvala (<i>Hirundo rustica</i>)	129
Bæjasvala (<i>Delichon urbica</i>)	138
Erluætt (Motacillidae)	
Sandtittlingur (<i>Anthus campestris</i>)	140
Trjátittlingur (<i>Anthus trivialis</i>)	141
Svarðtittlingur (<i>Anthus gustavi</i>)	141
Strandtittlingur (<i>Anthus petrosus</i>)	141
Heiðatittlingur (<i>Anthus rubescens</i>)	141
Gulerla (<i>Motacilla flava</i>)	141
Mýrerla (<i>Motacilla citreola</i>)	142
Straumerla (<i>Motacilla cinerea</i>)	142
Mariuerla (<i>Motacilla alba yarrellii</i>)	143
Silkitoppuætt (Bombycillidae)	
Silkitoppa (<i>Bombycilla garrulus</i>)	143
Títluætt (Prunellidae)	
Runntítla (<i>Prunella modularis</i>)	150
Prastaætt (Turdidae)	
Glóbrystingur (<i>Erithacus rubecula</i>)	150
Næturgali (<i>Luscinia megarhynchos</i>)	153
Fagurgali (<i>Luscinia calliope</i>)	154
Blábrystingur (<i>Luscinia svecica</i>)	154
Húsaskotta (<i>Phoenicurus ochruros</i>)	154
Garðaskotta (<i>Phoenicurus phoenicurus</i>)	155
Vallskvetta (<i>Saxicola rubetra</i>)	156
Hagaskvetta (<i>Saxicola torquata</i>)	156
Foldpröstur (<i>Zoothera dauma</i>)	157
Trjápröstur (<i>Hylocichla mustelina</i>)	157
Dulpröstur (<i>Catharus guttatus</i>)	157
Moldpröstur (<i>Catharus ustulatus</i>)	157
Hlýraþröstur (<i>Catharus minimus</i>)	158
Mánaþröstur (<i>Turdus torquatus</i>)	158
Söngþröstur (<i>Turdus philomelos</i>)	158
Mistilþröstur (<i>Turdus viscivorus</i>)	160
Farþröstur (<i>Turdus migratorius</i>)	160
Söngvaraætt (Sylviidae)	
Engisöngvari (<i>Locustella naevia</i>)	161
Straumsöngvari (<i>Locustella fluviatilis</i>)	161
Síkjasöngvari (<i>Acrocephalus schoenobaenus</i>)	161
Seljusöngvari (<i>Acrocephalus palustris</i>)	161
Sefsöngvari (<i>Acrocephalus scirpaceus</i>)	161
Spésöngvari (<i>Hippolais icterina</i>)	162
Hauksöngvari (<i>Sylvia nisoria</i>)	162

Netlusöngvari (<i>Sylvia curruca</i>)	163
Þyrnisöngvari (<i>Sylvia communis</i>)	164
Garðsöngvari (<i>Sylvia borin</i>)	164
Hettusöngvari (<i>Sylvia atricapilla</i>)	167
Hnoðrasöngvari (<i>Phylloscopus inornatus</i>)	174
Grænsöngvari (<i>Phylloscopus sibilatrix</i>)	175
Gransöngvari (<i>Phylloscopus collybita</i>)	175
Laufsöngvari (<i>Phylloscopus trochilus</i>)	180
Ógreindir söngvarar (<i>Phylloscopus</i> sp.)	182
Glókollur (<i>Regulus regulus</i>)	185
Grípaætt (Muscicapidae)	
Grágrípur (<i>Muscicapa striata</i>)	187
Peðgrípur (<i>Ficedula parva</i>)	188
Flekkugrípur (<i>Ficedula hypoleuca</i>)	188
Meisuaætt (Paridae)	
Flotmeisa (<i>Parus major</i>)	189
Igðuætt (Sittidae)	
Bandigða (<i>Sitta canadensis</i>)	189
Glóaætt (Oriolidae)	
Laufglói (<i>Oriolus oriolus</i>)	190
Svarraætt (Laniidae)	
Þyrnisvarri (<i>Lanius collurio</i>)	190
Grásvarri (<i>Lanius excubitor</i>)	190
Trjásvarri (<i>Lanius senator</i>)	190
Hröfnungaætt (Corvidae)	
Dvergkráka (<i>Corvus monedula</i>)	191
Bláhráfn (<i>Corvus frugilegus</i>)	193
Grákráka (<i>Corvus corone cornix</i>)	195
Staraætt (Sturnidae)	
Rósastari (<i>Sturnus roseus</i>)	197
Spörvaætt (Passeridae)	
Gráspör (<i>Passer domesticus</i>)	198
Trjáspör (<i>Passer montanus</i>)	198
Græningjaætt (Vireonidae)	
Græningi (<i>Vireo olivaceus</i>)	199
Finkuætt (Fringillidae)	
Bókfinka (<i>Fringilla coelebs</i>)	199
Fjallafinka (<i>Fringilla montifringilla</i>)	204
Barrfinka (<i>Carduelis spinus</i>)	211
Hrímtittlingur (<i>Carduelis hornemanni</i>)	213
Krossnefur (<i>Loxia curvirostra</i>)	213
Pánefur (<i>Loxia pytyopsittacus</i>)	217
Rósafinka (<i>Carpodacus erythrinus</i>)	217
Dómpápi (<i>Pyrrhula pyrrhula</i>)	217
Kjarnbítur (<i>Coccothraustes coccothraustes</i>)	218
Skríkjuætt (Parulidae)	

Klifurskríkja (<i>Mniotilta varia</i>)	218
Ormskríkja (<i>Vermivora peregrina</i>)	218
Fléttuskríkja (<i>Parula americana</i>)	218
Krúnuskríkja (<i>Dendroica coronata</i>)	219
Rákaskríkja (<i>Dendroica striata</i>)	219
Húmsskríkja (<i>Setophaga ruticilla</i>)	219
Haustskríkja (<i>Wilsonia canadensis</i>)	219
Tánaætt (Thraupidae)	
Skarlatstáni (<i>Piranga olivacea</i>)	220
Tittlingaætt (Emberizidae)	
Tófuttittlingur (<i>Passerella iliaca</i>)	220
Kúftittlingur (<i>Zonotrichia leucophrys</i>)	220
Hörputittlingur (<i>Zonotrichia albicollis</i>)	220
Vetrartittlingur (<i>Junco hyemalis</i>)	221
Sportittlingur (<i>Calcarius lapponicus</i>)	221
Lerkittittlingur (<i>Emberiza leucocephalos</i>)	222
Gultittlingur (<i>Emberiza citrinella</i>)	223
Dultittlingur (<i>Emberiza hortulana</i>)	223
Hrístittlingur (<i>Emberiza rustica</i>)	223
Dvergtittlingur (<i>Emberiza pusilla</i>)	223
Víðtittlingur (<i>Emberiza aureola</i>)	224
Seftittlingur (<i>Emberiza schoeniclus</i>)	224
Stepputtittlingur (<i>Emberiza bruniceps</i>)	224
Hettuttittlingur (<i>Emberiza melanocephala</i>)	224
Blátittlingur (<i>Passerina cyanea</i>)	225
Krakaætt (Icteridae)	
Álmkraki (<i>Icterus galbula</i>)	225
ÞAKKIR	226
HEIMILDIR – References	226
ENGLISH SUMMARY	236
VIÐAUKAR – Appendices	238
1. Óstaðfestar tegundir – <i>Unverified species</i>	238
2. Fuglatalningar um jólaleytið – <i>The Christmas Counts</i>	239
3. Nýir flækingsfuglar 1979-1996 – <i>New species in 1979-1996</i>	240
NAFNASKRÁ – Index	241

Sjaldgæfir fuglar á Íslandi fyrir 1981 *Rare birds in Iceland before 1981*

Gunnlaugur Pétursson
Blesugróf 24
108 Reykjavík

Gunnlaugur Þráinsson
Melbæ 40
110 Reykjavík

ÁGRIP

Í þessu riti er getið allra þekktra athugana á sjaldséðum fuglum hér á landi fyrir 1981. Fjallað er um 226 tegundir, þ.e. alla flækingsfugla og ýmsa sjaldgæfa umferðarfugla, fargesti og vetrargesti. Heildarfjöldi athugana er nálægt 6300 frá um 1500 stöðum á landinu. Um 1200 athugendur koma við sögu.

Abstract

This booklet contains all known records of rare and vagrant birds in Iceland before 1981. A total of 226 species are included: all vagrants and some rare passage migrants and winter visitors. The total number of records is about 6300 from 1500 localities. Number of observers is about 1200. – See *English summary* for further information and explanations in English.

INNGANGUR

Rit það sem hér birtist á sér langan aðdraganda. Fyrir um 25 árum myndaðist samstæður hópur ungra fuglaskoðara undir handleiðslu Finns heitins Guðmundssonar, fuglafræðings á Náttúrufræðistofnun Íslands. Sumir þeirra voru við nám í líffræði við Háskóla Íslands og allir höfðu fuglaskoðun sem brennandi áhugamál. Starf þessa hóps leiddi m.a. af sér stofnun Flækingsfuglanefndar, fuglatímaritið *Blika*, reglulegar skýrslur um sjaldgæfa fugla hérlendis (birtar í *Blika*), yfirlitsgreinar um einstaka flokka slíkra fugla (birtar í *Náttúrufræðingnum*) og síðast en ekki síst það sem hér lítur dagsins ljós.

Áhugi á fuglum hefur alltaf verið talsverður meðal landsmanna og víða um land voru virkir fuglaskoðarar, sem höfðu meðal annars tekið þátt í vetrarfugla-talningum Náttúrufræðistofnunar, sem hófust árið 1952. Fuglaskoðarar komust því ekki hjá því að rekast annað slagið á sjaldséða flækingsfugla. Öllum slíkum athugunum safnaði Finnur saman í spjaldskrá á stofnuninni, sem óx mikið með tímanum og varð undirstaða að þekkingu okkar á flækingsfuglum á Íslandi. Skipuleg söfnun slíkra upplýsinga hófst þó miklu fyrr eða um 1940. Finnur birti þrjár skýrslur um sjaldséða fugla á árunum 1938 til 1943 (Finnur Guðmundsson 1940, 1942, 1944) og var sennilega brautryðjandi í Evrópu í kerfisbundinni skráningu sjaldgæfra fugla. Nánast allar upplýsingar um sjaldséða fugla frá síðustu öld og nokkuð fram á þessa höfðu áður birst í ýmsum skýrslum, ritum og bókum um íslenska fugla. Þar má m.a. nefna bók Friedrichs Faber (1822), yfirlit Jónasar Hallgrímssonar [prentað 1933], skýrslur Benedikts Gröndal (1886-1898) og Bjarna Sæmundssonar (1903-1939), bækur Henrys H. Slater (1901), Bernhards Hantzsch (1905), Bjarna Sæmundssonar (1936) og Günters Timmermann (1949).

Lítið birtist af upplýsingum um sjaldséða fugla eftir að ofangreindar skýrslur Finns hættu að koma út árið 1944 og allt fram undir 1980. Það var helst að einstöku fuglaskoðarar birtu upplýsingar um tegundir sem sáust hér í fyrsta sinn, og fáeinar yfirlitsgreinar birtust einnig, svo sem um hvinönd og ljóshöfða (Arnþór Garðarsson 1967, 1969). Upplýsingaöflun hélt þó áfram og margir fuglaskoðarar sendu Náttúrufræðistofnun allar sínar athuganir. Nánast allir fuglar sem náðust komu einnig til varðveislu þar. Smám saman varð spjaldskráin mikil að vöxtum, en lítil hluti af því sem þar var geymt hafði birst á prenti. Eftir að fuglaskoðarar fóru að leita skipulega að flækingsfuglum, var sýnilegt að spjaldskrá stofnunarinnar myndi stækka svo um munaði. Þeir vildu líka sjá afrakstur vinnu sinnar á prenti, sér og öðrum til gagns og gamans. Í tímaritinu *Náttúruverki* birtist grein árið 1978, sem fjallaði um far fugla og flækingsfuglaathuganir á Suðvesturlandi haustið 1977 (Gunnlaugur Pétursson & Kristinn Haukur Skarphéðinsson 1978). Ísinn var þá brotinn og meira fylgdi í kjölfarið.

Svokallaðri flækingsfuglanefnd var komið á laggirnar á Bretlandseyjum þegar árið 1958 og í fleiri löndum rétt eftir 1970. Breska nefndin lagði mat á allar tiltækar upplýsingar um sjaldséða fugla þar í landi og birti þær árlega í stórum skýrslum í tímaritinu *British Birds*. Íslenskir fuglaskoðarar voru áskrifendur að þessu riti og fleiri slíkum og fylgdust með þróuninni í öðrum löndum. Eftir nokkra fundi á árunum 1979 og 1980 (sá fyrsti var haldinn 18. apríl 1979, en sá næsti 4. janúar 1980) var því ákveðið að setja á fót flækingsfuglanefnd frá og með árinu 1979, sem skyldi meta og birta allar upplýsingar um flækingsfugla hérlendis. Fyrstu tvær skýrslurnar (1979 og 1980) voru fjölritaðar á vegum Náttúrufræðistofnunar (Gunnlaugur Pétursson & Kristinn H. Skarphéðinsson 1980, 1982). Ljóst var þó að það gengi ekki til lengdar vegna kostnaðar, og varð það úr að hefja útgáfu fuglatímarisins *Blika*, m.a. til að þar mætti birta skýrslur nefndarinnar. Skýrslur frá og með 1981 hafa síðan birst þar.

Með stofnun flækingsfuglanefndar var þó aðeins hálfur sigur unninn. Nánast allt „gamla efnið“, þ.e. hin viðamiklu gögn sem Náttúrufræðistofnun safnaði saman frá um 1940 til 1978, beið enn óbirt. Finnur Guðmundsson hafði sjálfur áhuga á að birta þessar upplýsingar, en honum entist ekki aldur til. Á fundi 10. mars 1980 var því ákveðið að skipta þessu gamla efni á milli nokkurra aðila, þannig að hver fékk ákveðnar ættir fugla til umfjöllunar. Skildu greinarnar birtar í Náttúrufræðingnum (sjá Ævar Petersen 1984c). Fyrsta samantektin kom út 1986 (Erling Ólafsson 1986) og tvær árið 1987 (Gunnlaugur Pétursson 1987a, 1987b). Á árunum 1991 til 1997 komu síðan út átta greinar (Kristinn H. Skarphéðinsson 1991, Erling Ólafsson 1992, Ólafur K. Nielsen & Hálfán Björnsson 1992, Erling Ólafsson 1993a & 1993b, Gunnlaugur Pétursson 1993, Gaukur Hjartarson 1995, Erling Ólafsson & Gunnlaugur Pétursson 1997).

Hálfum öðrum áratug eftir að þetta starf hófst var orðið ljóst, að seint mundi takast að birta allt „gamla efnið“. Aðeins höfðu rúmlega tíu greinar komið út og sumir ráðgerðir höfundar höfðu ekkert birt. Áhugi sumra var einnig eðlilega farinn að dofna eftir þennan langa tíma. Því var haldinn fundur 8. nóvember 1994 þar sem allir þátttakendur í verkefninu voru samankomir. Höfundar þessa rits buðust til að taka að sér að ganga frá og birta allt „gamla efnið“ og var það samþykkt. Til þess að gera þetta rit heildstætt, var síðar ákveðið að birta allar athuganir tímabilsins, einnig þær sem höfðu birst í áðurnefndum greinum í Náttúrufræðingnum.

Hér er getið athugana á sjaldgæfum fuglum frá 1800 til 1979, þegar Flækingsfuglanefndin hóf störf. Einnig er getið tiltækra athugana fyrir 1800, en þær eru næsta fáar og oft heldur óljósar. Þá er og getið allra athugana frá 1979 og 1980, en skýrslur um sjaldgæfa fugla þau ár voru fjölritaðar og ófáanlegar nú. Til þess að flýta fyrir og stytta þetta verk, var ákveðið að sleppa ítarlegum umfjöllunum um tegundir, eins og þær birtust í greinunum í Náttúrufræðingnum. Hins vegar er stuttlega lýst varpútbreiðslu allra tegunda og aðrar upplýsingar og skýringar gefnar ef þess er talin þörf. Umfjöllun miðast við árslok 1996. Nöfnum athugenda hefur verið bætt við allar áður birtar athuganir þar sem þeirra hafði

ekki verið getið, svo sem í yfirlitsgreinum í Náttúrufræðingnum. Einnig er bætt við nokkrum athugunum, sem höfundum áður birtra greina var ekki kunnugt um

Athugunum sem hér birtast má skipta gróflega í þrjá flokka hvað varðar yfirferð og mat á þeim. Í fyrsta lagi var búið að yfirfara og birta áður athuganir á ýmsum tegundum. Hér má nefna ljóshöfðaendur og hvinendur til 1967, kolþernur og rósastara (sjá nánar inngang að viðkomandi tegund), heilar ættir eða hópa: ránfugla, rellur, vatnahænsn, trönur, hluta vaðfugla, kjóa, máfa, þernur, svartfugla, gauka, náttfara, svölunga, spætur o.fl., skríkjur, titlinga, græningja og kraka. Þá var búið að yfirfara og birta allar athuganir árin 1979 og 1980. Í öðru lagi var búið að yfirfara að nokkru ýmsa aðra hópa, svo sem goða, sjófugla, hegra, endur, vaðfugla, uglur, fjallafinku og sportitling. Í þriðja lagi eru athuganir á öðrum hópum og tegundum sem höfundar þessa rits lögðu mat á eða fengu aðra til að meta, sérstaklega ef um vafaatriði var að ræða (sjá þakkarorð).

Við hverja tegund í tegundalistanum eru tvær tölur í sviga. Sú fyrri er fjöldi fugla (einstaklinga) sem talið er að hafi sést frá 1800 til 1978 (í 179 ár). Oft á tíðum getur verið erfitt að meta fjölda fugla, sérstaklega þegar algengari tegundir eiga í hlut sem jafnvel sjást í hópum, svo sem gráhegri, vepja, fjöruspói, silkitoppa, o.s.frv. Í þeim tilvikum má því ekki taka tölurnar of bókstaflega, en þær gefa engu að síður hugmynd um tíðni tegundarinnar hér á landi. Síðari talan er fjöldi fugla frá 1979 til 1996 (í 18 ár), en á þeim tíma hefur upplýsingum um sjaldgæfa fugla verið safnað kerfisbundið. Að meðaltali eru þessar tölur svipaðar, og sést á því hve gríðarlega fuglaskoðun og upplýsingaöflun um sjaldséða fugla hefur aukist á síðustu 20 árum eða svo.

Allar athuganir eru númeraðar í hlaupandi röð fyrir hverja tegund. Ef jafnaðarmerki (=) er í stað númers er viðkomandi athugun talin tengd eða er í framhaldi af einhverri fyrri athugun. Þetta á einkum við um ýmsa vetrargesti. Við varptilvik er bókstafurinn „v“ fyrir framan númerið. Annað slagid er upptalning athugana brotin upp með ártölum til að auðvelda lestur og gefa glegggra yfirlit. Allra athugana sem birst hafa á prenti er getið, en ef þær standast ekki nútíma gagnrýni eru þær innan hornklofa ([...]) og mínusmerki (-) í stað hlaupandi númera. Skýringar eru merktar með stjörnu (*). Í viðauka eru nokkrar tegundir að auki sem í sumum heimildum eru taldar hafa sést hér á landi, en þau tilvik eru þó ekki nógu vel staðfest. Í hverri athugun er getið staðar, fjölda fugla og dagsetningar eða tímabils, þegar fuglinn sást, ef þekkt er. Nánari upplýsingar um fjölda, kyn og safnnúmer hama eru innan hornklofa (RM = hamur á Náttúrufræðistofnun Íslands, ZM = hamur í dýrafræðisafninu í Kaupmannahöfn, ♂ = karlfugl, ♀ = kvenfugl, * = kyn eða aldur hama samkvæmt búningi, o.s.frv.). Athuganda er getið innan sviga. Aftan við athuganir eru nánari skýringar ef þörf krefur (aðgreint með semíkommu) og aftast er tilvísun í birtar heimildir ef svo ber undir (aðgreint með bandstriki). Á nokkrum stöðum er spurningarmerki á eftir kynmerki eða kynmerkið innan gæsalappa. Í þessum

tilvikum er oftast um gamla hami að ræða og upplýsingar um kyn teknar beint úr hamaskrá Náttúrufræðistofnunar eða örðum frumheimildum. Í þessum tilvikum hefur sennilega ekki tekist að ákvarða kyn með vissu.

Reynt hefur verið að samræma staðanöfn eins og unnt er og færa til nútímahorfs, og gætu því staðaheiti verið eilítið önnur en í áður birtum heimildum. Reynt er að kenna bærjarheiti við sveitir en ekki hreppa, eins og gert hefur verið í skýrslum um flækingsfugla allar götur frá 1979, enda fækkar hreppum óðum með sameiningu sveitarfélaga. Þó koma hreppanöfn óhjákvæmilega fyrir á nokkrum stöðum. Varðandi Gullbringu- og Kjósarsýslu er haldið fyrri skiptingu sveitarfélaga í þessar sýslur, þ.e. Bessastaðahreppur er talinn með Gullbringusýslu, svo og Garðabær og Hafnarfjörður, en Seltjarnarnes er talið með Kjósarsýslu. Mannanöfn voru einnig athuguð sérstaklega og samræmd.

Á allmörgum stöðum er undirtegunda getið. Í langflestum tilvikum eru það hamir á Náttúrufræðistofnun, sem hafa verið greindir til undirtegundar. Mikið verk er þó óunnið í þeim efnum. Í skránni er sérstaklega getið nokkurra undirtegunda íslenskra varp- eða umferðarfugla (margæs, urtönd), en hér hafa einnig sést undirtegundir sem litlar upplýsingar liggja fyrir um, og eru e.t.v. algengari en hamir eða aðrar tiltækar upplýsingar gefa til kynna. Þar má nefna grænlenskar rjúpur *Lagopus mutus captus* (e.t.v. vetrargestur), norrænar teistur *Cephus grylle mandtii* (e.t.v. vetrargestur) og suðræna lunda *Fratercula atctica grabae* (sennilega ekki gild undirtegund). Sleppt er upplýsingum um hami af óvissum undirtegundum, s.s. *Carduelis flammea rostrata* og *flammea* og *Calidris alpina alpina* o.fl.

Mikil vinna hefur farið í heimildaöflun, enda kom í ljós að talsvert vantar í spjaldskrá Náttúrufræðistofnunar, sérstaklega gamlar athuganir úr prentuðum heimildum. Hálfán Björnsson á Kvískerjum í Örafum hefur yfirfarið allar sínar athuganir, en þær eru miklar að vöxtum, sennilega um 20% af öllum athugunum fyrir 1979 og nánast allar athuganir á nokkrum tegundum. Höfundar yfirlitsgreina um sjaldgæfa fugla í Náttúrufræðingnum hafa góðfúslega léð okkur samantektir sínar á tölvutæku formi og Kjartan Magnússon lét okkur einnig í té samanteknar athuganir á snæuglum og eyruglum.

Til fróðleiks má nefna að hér er getið nálægt 6300 athugana frá um 1500 stöðum. Þar af kemur Kvísker í Örafum fyrir um 870 sinnum. Aðrir helstu staðir eru Heimaey (um 385 athuganir), Reykjavík (370), Akureyri (150), Fagurhólsmýri í Örafum (140), Höfn í Hornafirði (105), Skammadalshóll í Mýrdal (100), Sandgerði (75), Reynivellir í Suðursveit (70) og Svínafell í Örafum (65). Um 1200 manna er getið í þessu riti, alls rúmlega 8000 sinnum. Þar af kemur Hálfán Björnsson fyrir um 1210 sinnum. Aðrir atkvæðamiklir fuglaskoðarar eru Kristinn H. Skarphéðinsson (500 sinnum), Ólafur K. Nielsen (250), Arnþór Garðarsson (240), Sigurgeir Sigurðsson (220), Erling Ólafsson

(210), Skarphéðinn Þórisson (210), Gunnlaugur Pétursson (190), Jóhann Óli Hilmarsson (160), Kristján Geirmundsson (160) og Einar H. Einarsson (150).

Í 1. viðauka er getið nokkurra tegunda sem taldar eru hafa sést hér á landi, en þessi tilvik eru ekki nógu vel staðfest. Í 2. viðauka er getið dagsetninga á vetrarfuglatalningum („Jólatalningum“) Náttúrufræðistofnunar. Eðli málsins samkvæmt hefur sést mun meira af flækingsfuglum í þessum talningum, þegar tugir fuglaskoðara fara á stjá, en næstu daga á undan og eftir. Þessa þarf að gæta þegar tímasetningar athugana eru skoðaðar. Í 3. viðauka er getið tegunda sem sést hafa hér í fyrsta sinn eftir 1980.

Upplýsingar um sjaldgæfa fugla eftir 1980 hafa birst í árlegum skýrslum í tímaritinu *Blika* (Gunnlaugur Pétursson & Kristinn H. Skarphéðinsson 1983; Gunnlaugur Pétursson & Erling Ólafsson 1984, 1985, 1986, 1988, 1989a, 1989b; Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Þráinsson & Erling Ólafsson 1991, 1992a, 1992b, 1993; Gunnlaugur Þráinsson, Gunnlaugur Pétursson & Erling Ólafsson 1994, 1995a, 1995b; Gunnlaugur Þráinsson & Gunnlaugur Pétursson 1997, 1998).

TEGUNDASKRÁ – *Species list*Goðætt (*Podicipedidae*)Stúfgoði (*Podilymbus podiceps*) – (1, 0)

N-Ameríka. – Hefur sést um 20 sinnum í Evrópu. – *There are about 20 records in Europe.*

- 1) Kvísker í Örfæfum, A-Skaft, 10. október 1976 [ungur ♀ RM6397] (Hálfdán Björnsson). - Hálfdán Björnsson 1977.

Toppgoði (*Podiceps cristatus*) – (2, 2)

Evrópa og Asía. – Stakir fuglar sáust 1992 og 1995. – *Two additional records were in 1992 and 1995.*

- 1) Heimacy, Vestm, 12. janúar 1939 [RM70] (Anon, skv. Friðriki Jessyni). - Þorsteinn Einarsson 1942, Finnur Guðmundsson 1942.
- 2) Hafnarfjörður, Gull, 12. febrúar 1956 (Agnar Ingólfsson, Jón B. Sigurðsson).

Sefgoði (*Podiceps grisegena*) – (19, 16)

A-Evrópa, Síbería og nyrstu hluti N-Ameríku. – Fimm (e.t.v. sjö) hamir eru af amerísku og austur-asísku undirtegundinni *holboellii*, en einungis einn af evrópsku undirtegundinni *grisegena*. Nær allar athuganir á sefgoðum eru frá desember til apríl. Um 1980 sáust sefgoðar árlega við vestanverðan Reykjanesskaga. – *Five (possibly seven) of the skins are of the Nearctic or east Palearctic subspecies holboellii, but only one of the west Palearctic subspecies grisegena. Nearly all records are from mid-winter to spring. Around 1980 this species was recorded annually in winter in SW Iceland.*

< 1900:

- 1) Keflavík, Gull, desember 1885 [fullu ♂ náð] (Anon). - Benedikt Gröndal 1886.

1900-1949:

- 2) Reykjavík (Skerjafjörður), 27. janúar 1906 [♀ RM71] (Hannes Guðmundsson); undirtegundin *P.g. holboellii*. - Bjarni Sæmundsson 1907a.
- 3) Eyjafjörður, Eyf, júní 1907 [ZM48.289] (G.B. Dinesen); undirtegundin *P.g. holboellii*. - Schiøler 1911, Dinesen 1926.
- 4) Hjalli í Ölfusi, Árn, 13. janúar 1909 [♂ RM73] (skv. Peter Nielsen); undirtegundin *P.g. holboellii*. - Bjarni Sæmundsson 1911, Nielsen 1918.
- 5) Kvískerjafjara í Örfæfum, A-Skaft, fundinn sjórekinn í mars 1928 [♀ RM72] (Geir Gígja). - Bjarni Sæmundsson 1936 (rangt ár í heimild, 1933).
- 6) Ísland, 1932 [♂ RM74] (Anon); undirtegundin *P.g. grisegena*.
- 7) Vestmannaeyjar, Vestm, í síðari hluta janúar 1938 [RM75] (Friðrik Jesson); undirtegundin *P.g. holboellii?*. - Þorsteinn Einarsson 1942, Finnur Guðmundsson 1942.
- 8) Heimaey, Vestm, tveir 27. desember 1942 til 14. janúar 1943 (Friðrik Jesson).
- 9) Heimaey, Vestm, 29. desember 1948 [♂ RM76] (Friðrik Jesson); undirtegundin *P.g. holboellii*.

1950-1978:

- 10) Álftanes, Gull, 16.-20. janúar 1957 (Árni Waag).
- 11) Sandgerði, Gull, 29. desember 1957 (Þorsteinn Einarsson).
- 12) Heimaey, Vestm, 28. desember 1969 til 22. mars 1970 [náð, í Nátt.Vestm.] (Ingi Sigurjónsson, Sigurgeir Sigurðsson); undirtegundin *P.g. holboellii*.
- 13) Júnkaragerði í Höfnum, Gull, þrír 5. febrúar til 19. mars 1977 (Arnþór Garðarsson o.fl.).
⇒ Hafnir (út af Höfnum), Gull, tveir 21. apríl 1977 (Arnþór Garðarsson o.fl.).
- 14) Grindavík (Hraunsvík), Gull, 11. apríl 1977 (Arnþór Garðarsson, Árni Einarsson).
- 15) Júnkaragerði í Höfnum, Gull, tveir 21.-29. janúar 1978 (Arnþór Garðarsson o.fl.), þrír 27. mars 1978 (Ingólfur Guðnason, Jóhann Óli Hilmarsson, Kristinn H. Skarphéðinsson).
- 16) Sandgerði, Gull, 26. desember 1978 (Þorsteinn Einarsson).

- ⇒ Júnkaragerði í Höfnum, Gull, 27. desember 1978 (Jóhann Óli Hilmarsson, Kristinn H. Skarphéðinsson, Ólafur K. Nielsen).
- 1979:**
- 17) Júnkaragerði í Höfnum, Gull, þrír 10. mars 1979 (Arnþór Garðarsson, Gunnlaugur Pétursson, Kristinn H. Skarphéðinsson, Ólafur K. Nielsen o.fl.). - GP & KHS 1980.
- ⇒ Kalmansstjörn í Höfnum, Gull, a.m.k. einn 26. desember 1979 (Ævar Petersen). - GP & KHS 1980.
- 18) Sandgerði, Gull, 27. desember 1979 [ungf RM6924] (Erling Ólafsson, Kristinn H. Skarphéðinsson, Skarphéðinn Þórisson); undirtegundin *P.g. holboellii?*. - GP & KHS 1980.
- 1980:**
- 19) Kalmansstjörn í Höfnum, Gull, þrír 26. janúar 1980 (Arnþór Garðarsson, Gunnlaugur Pétursson, Ingólfur Guðnason, Kristinn H. Skarphéðinsson o.fl.), fjórir 10. febrúar 1980 (Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Þráinsson, Kristinn H. Skarphéðinsson), fimm 18.-22. mars 1980 [þrír fullu og tveir ungf], tveir 15. apríl 1980 [tveir fullu] (Kristinn H. Skarphéðinsson o.fl.). - GP & KHS 1982.

Trosaætt (*Diomedidae*)

Svaltrosi (*Diomedea melanophris*) – (1, 1)

Súðurhvel. – Svaltrosi sást hér einnig 1990. – *The second record was in 1990.*

- 1) Hellisey, Vestm, 20. júlí 1966 (Páll Steingrímsson). - Páll Steingrímsson 1967.
 ⇒ Hellisey, Vestm, 29. júní til 22. júlí 1968 (Páll Steingrímsson).

Fýlingaætt (*Procellariidae*)

Hettuskrofa (*Puffinus gravis*) – (26, 6)

S-Atlantshaf. – Þessi tegund er sumargestur og sést aðallega í júlí til ágúst. Hettuskrofur hafa verið mun sjaldséðari í síðari árum en áður fyrr. Athuganir innan hornklofa eru án nákvæmrar staðsetningar, sennilega utan 200 mílna lögsögunnar, og því ekki taldar með. – *A summer visitor, mainly recorded in July and August. There are only six records after 1979. Records in brackets are without precise location and probably outside the 200 mile zone, and are therefore not counted.*

< 1900:

- 1) Ísland, fyrir 1821 [náð, týnd] (Anon). - Faber 1822, Faber 1824.
 2) Ísland, fyrir 1824 [náð, hamur í Berlín, týndur] (Anon). - Faber 1824.

1900-1929:

- 3) Á sjó: 132-141 km („70-75 kvml“) SSA af Vestmannaeyjum, nokkrar 13. júlí 1903 (Bjarni Sæmundsson). - Bjarni Sæmundsson 1907b.
 4) Á sjó: 77 km („41 kvml“) S af Selvogstöngum, tvær 9. júlí 1904 (Bjarni Sæmundsson). - Bjarni Sæmundsson 1907b.
 5) Á sjó: 160-179 km SV af Ingólfshöfða, hópur og tvær 11. júlí 1904 (Bjarni Sæmundsson); staðsetningin er raunar gefin sem „35 kvml (=66 km) NV af 130 kvml (=245 km) S af Ingólfshöfða og síðan 10 kvml (=19 km) lengra“. - Bjarni Sæmundsson 1907b.
 6) Vestmannaeyjar, Vestm, júlí 1909 [ZM 3.3.1909.C.N.5] (Richard Hörring).
 7) Á sjó: Ísafjarðardjúp, ágúst 1910 [RM96] (Anon). - Bjarni Sæmundsson 1913b.
 8) Á sjó: Sunnan Súlaskers í Vestm, tvær 2. júlí 1914 [RM97, RM98] (Þorsteinn Jónsson). - Bjarni Sæmundsson 1933-34.
 9) Á sjó: Halamið (um 100 km NV af Straumnesi), allnokkrar („ekki svo fáar“) 19.-27. ágúst 1925 (Bjarni Sæmundsson). - Bjarni Sæmundsson 1933-34.
 -) [Á sjó: Milli Grænlands (Kap Farvel) og Íslands, margar í lok júlí 1925 (A.V. Tåning). - Bjarni Sæmundsson 1933-34.]

1930-1949:

-) [Á sjó: Grænlandssund, 9-10 fuglar 15.-21. júlí 1931 (Bjarni Sæmundsson); séðar hér og þar þvert yfir sundið. - Bjarni Sæmundsson 1907b.]
- 10) Á sjó: Um 40 sjómílur undan Vestm, nokkar 7. júlí 1933 (Brian Roberts). - Lack & Roberts 1934.
-) [Á sjó: Mitt Grænlandssund, 9. ágúst 1933 (A.V. Tåning).]
- 11) Breiðamerkursandur, A-Skaft, fundin dauð sumarið 1935 [RM99] (Sigurður Björnsson).
-) [Á sjó: Milli Íslands og Færeyja, 3-4 fuglar 25.-26. ágúst 1939 (E.L. Arnold, P.I.R. MacLaren).]
- 12) Kvísker í Örafum, A-Skaft, fundin dauð sumarið 1947 [náð] (Hálfván Björnsson).

1950-1978:

- 13) Á sjó: Skjálfandi, 1951? [♀ náð, í Nátt.Borg.] (skv. Kristjáni Geirmundssyni).
-) [Á sjó: Djúpt út af Langanesi, 23. júlí 1963 [♀ í Nátt.Akur.] (Anon).]
- 14) Á sjó: Út af Öndverðarnesi {64°29'N, 26°13'V}, 1. júlí 1967 (Árni Waag).

1979-1980:

- 15) Kvísker í Örafum, A-Skaft, fundin dauð í maí 1979 [RM6829] (Hálfván Björnsson). - GP & KHS 1983.

Gráskrofa (*Puffinus griseus*) – (56, 266)

Suðurhvel. – Gráskrofur eru mun algengari en hettuskrofur og sjást aðallega frá síðari hluta júlí fram í október og þá einkum við sunnan- og austanvert landið. Gagnstætt hettuskofu hefur gráskrofa sést mun oftar á síðari árum en áður fyrr. – *This species is not uncommon off the south coast of Iceland, from late July to October. Contrary to the Great Shearwater, this species has been recorded more often after 1980 than before.*

< 1900:

- 1) Á sjó: Um 60 mílur SA af Eskifirði, 27. júlí 1894 (Henry H. Slater). - Slater 1901.
- 2) Á sjó: Öxarfjörður, um 28. júlí 1894 (Henry H. Slater). - Slater 1901.

1900-1949:

- 3) Á sjó: Milli Íslands og Færeyja, 3-4 fuglar 25.-26. ágúst 1939 (E.L. Arnold, P.I.R. MacLaren); eltu skipið mestalla leiðina.

1950-1959:

- 4) Á sjó: Suðvestan Einadrangs vestan Vestm, 17. ágúst 1952 [ungur ♂ RM100] (Ólafur Erlendsson).
- 5) Á sjó: Sunnan Einadrangs vestan Vestm, 18. ágúst 1952 [ungur ♂ RM101] (Guðjón Ólafsson).
- 6) Geirfuglasker, Vestm, apríl 1956 [í einkasafni] (Hjörtur Guðnason).
- 7) Á sjó: Hornafjarðardjúp, þrjár 25. ágúst 1956 [♀ RM102] (Gústaf Runólfsson).
- 8) Á sjó: Undan Ingólfshöfða, tvær 29. september 1956 (Jón B. Sigurðsson).
- 9) Á sjó: Milli Hjörleifshöfða og Alviðruhamra, 29. september 1956 (Jón B. Sigurðsson).
- 10) Á sjó: Um 4 sjómílur sunnan Súlnaskers í Vestm, 8. ágúst 1957 [ungur ♀ RM103] (Guðjón Ólafsson).
- 11) Á sjó: Skjálfandi, 23. ágúst 1958 [♂ RM104] (Þorgrímur Mariússon).

1960-1969:

- 12) Á sjó: Faxaflói (1 klst frá Reykjavík), tvær 10. ágúst 1960 (Jón B. Sigurðsson).
- 13) Á sjó: Út af Ingólfshöfða, tvær 5. september 1960 [ungur ♀ RM105] (Garðar Sigurjónsson).
- 14) Á sjó: Faxaflói, 10. september 1960 (W.G. Breed, P.J. Morgan). - Breed 1960.
- 15) Dyrhólaey, V-Skaft, 15 fuglar 15. ágúst 1961 (A.J. Tree); flugu hjá á 3 klst. - Tree 1962.
- 16) Á sjó: Smáeyjar við Vestm, 25. september 1961 [náð, í Nátt.Vestm.?] (Friðrik Jesson).
- 17) Á sjó: Undan Dyrhólaey, 25. júlí 1962 (G.R. Naylor).
- 18) Á sjó: 70 sjómílur NNA af Dalatanga, 4. september 1963 [♂ RM106] (Sigurður B. Eymundsson).
- 19) Á sjó: Við Langanes, 18. júní 1966 [♀ náð, í Nátt.Borg.] (skv. Kristjáni Geirmundssyni).
- 20) Á sjó: Berufjörður, 3. maí 1968 [í einkasafni] (Ari Albertsson).
- 21) Á sjó: NV af Grímsey, mars 1969 [♂ RM108] (Magnús Lórenzon).
- 22) Á sjó: Undan Suðausturlandi, 6. júlí 1969 (Rudolph Berndt, M. Frantzen). - Berndt & Frantzen 1969.

1970-1978:

- 23) Á sjó: Út af Þorgeirfirði í S-Þing, 27. júlí 1970 [ungur ♀ RM107] (Ragnar Víkingsson).

- 24) Stokkseyri, Árn, fundin dauð 3. ágúst 1970 (Lisel Gillandt).
 - 25) Á sjó: Um 4 km NA Surtseyjar, 29. ágúst 1970 (Erling Ólafsson).
 - 26) Á sjó: Við Brand við Vestm, tvær 1971 [báðum náð] (Friðrik Jesson).
 - 27) Á sjó: Undan Suðausturlandi {62°01'N, 13°35'V}, 16. september 1971 (Anon). - Morrison [1972].
 - 28) Á sjó: Við Eldey undan Reykjanesi, 19. júlí 1974 (C. Joiris). - Joiris 1976.
 - 29) Breiðamerkursandur, A-Skaft, tvær 28. júlí 1975 (Anon). - Collier & Scott 1976.
 - 30) Á sjó: Við Álseý í Vestm, byrjun júlí 1977 [náð, í Nátt.Vestm.] (Friðrik Jesson).
 - 31) Breiðamerkursandur (2 km sunnan Jökulsár), A-Skaft, fundin dauð í lok ágúst 1978 (Hálfðán Björnsson).
 - 32) Á sjó: Milli Heimaeyjar og Þorlákshafnar, tvær 1. september 1978 (Holger Dietz).
- 1979-1980:
- 33) Á sjó: Um 1 sjómílu undan Hafnarbjargi við Borgarfjörð eystra, byrjun ágúst 1980 (Sverrir Aðalsteinsson). - GP & KHS 1982.
 - 34) Á sjó: Faxaflói {64°19'N, 23°05'V}, 3. ágúst 1980 (Holger Dietz). - GP & EÓ 1986.

Hegraett (Ardeidae)

Sefþvari (*Botaurus stellaris*) – (2, 0)

Miðhluti Evrópu og Asíu. – Báðir fuglarnir fundust um miðjan vetur. – *Both records were in mid-winter.*

- 1) Holt við Húsavík, S-Þing, 3. febrúar 1937 [RM263] (skv. Jóhanni og Júlíusi Havsteen). - Bjarni Sæmundsson 1937c.
- 2) Flankastaðir á Miðnesi, Gull, 27. janúar 1948 [RM264] (Ingvar Oddsson).

Reyrþvari (*Botaurus lentiginosus*) – (4, 2)

N-Ameríka. – Aðrar athuganir eru frá 1981 og 1989. – *Other records are from 1981 and 1989.*

- 1) Fljótshlíð, Rang, 12. nóvember 1904 [RM265] (skv. Peter Nielsen). - Bjarni Sæmundsson 1905a.
- 2) Heimaey, Vestm, sumar til október 1919 [RM266] (Gísli Lárusson). - Bjarni Sæmundsson 1921.
- 3) Lambavatn á Rauðasandi, V-Barð, 11. nóvember 1924 [RM267] (Ólafur Sveinsson). - Bjarni Sæmundsson 1927.
- 4) Steinar undir Eyjafjöllum, Rang, fundinn dauður haustið 1974 [RM5994] (Bárður Magnússon); sennilega í fyrripart október.

Rengluþvari (*Ixobrychus exilis*) – (1, 0)

N-Ameríka. – Þetta er eini fuglinn sem fundist hefur í Evrópu. – *This is the only record in Europe.*

- 1) Heimaey (Búastaðir), Vestm, fundinn illa haldinn 17. september 1970 [RM262] (Bryngeir Torfason).

Rindilþvari (*Ixobrychus minutus*) – (1, 0)

Sunnanverð Evrópa og Vestur-Asía. – Þrjár athuganir af fjórum í Færeyjum eru einnig frá 19. öld. – *Three of four records in the Faroe Islands are also from the 19th century.*

- 1) Keflavík, Gull, fundinn dauður 20. maí 1823 [var í ZM, nú glataður] (Anon); var greindur til þessarar tegundar af Reinhardt á sínum tíma. Raunar fannst fuglinn sjórekinn og samkvæmt nútímaskilgreiningu ætti hann því að vera í flokki D. - Reinhardt 1834, Stefán Stefánsson 1902.

Nátthegri (*Nycticorax nycticorax*) – (2, 5)

Sunnanverð Evrópa, Asía og Afríka og Norður- og Suður-Ameríka. – Undirtegundin *nycticorax* verpur í Evrópu, en undirtegundin *hoactli* í Ameríku. Hamurinn frá 1956 er af amerískum fugli. – *The skin from 1956 is of the Nearctic subspecies hoactli.*

< 1979:

- 1) Hafnarhólmur á Selströnd, Strand, 14.-17. júní 1956 [fullu ♂ RM261] (Hilmar Guðjónsson o.fl.); undirtegundin *N.n. hoactli*.
- 2) Hlíðarvatn í Selvogi, Árn, 17. október 1976 [ungur ♀ RM6399] (Sveinn Kjartansson).

1979-1980:

- 3) Grindavík, Gull, fundinn dauður 2. nóvember 1980 [ungf RM6911] (Jóhann Svavarsson). - GP & KHS 1982.

Relluhegri (*Ardeola ralloides*) – (1, 0)

Sunnanverð Evrópa og Afríka. – Eini fuglinn hér sást að vori. – *Only one spring record.*

- 1) Surtsey, Vestm, 19. apríl 1969 [fullu ♂ RM258] (Hálfván Björnsson). - Finnur Guðmundsson 1972.

Kúhegri (*Bubulcus ibis*) – (1, 0)

Sunnanverð Evrópa, Afríka, Asía og Ameríka. – Kúhegri hefur aðeins fundist einu sinni hér á landi, fyrir utan fuglinn sem kom frá dýragarðinum í London. – *Only one record (but one escaped bird from the London Zoo was also seen in 1936).*

-) [Heimaey, Vestm, 18.-30. júní 1936 [RM, hent 1941] (Hjálmar Eiríksson); áður sleppt úr haldi í dýragarðinum í London í maí 1936 (merktur London Zoo 45); undirtegundin *B.i. coromandus* frá SA-Asíu. - Magnús Björnsson 1936b.]
- 1) Vattarnes í Reyðarfirði, S-Múl, byrjun nóvember 1956 [♀ RM259] (Hreinn Úlfarsson). - Finnur Guðmundsson 1957a.

Ljómahegri (*Egretta thula*) – (1, 2)

N-Ameríka. – Hefur ekki sést annars staðar í Evrópu en á Íslandi. Tveir síðari fuglarnir eru frá 1983 og 1985. – *The two other records were in 1983 and 1985, and these are the only records in Europe.*

- 1) Á sjó: 30 sjómílar SV af Reykjanesi {63°15'N, 23°10'V}, fundinn nýdauður 6. apríl 1974 [fullu ♂ RM260] (Friðþjófur Bragason).

Gráhegri (*Ardea cinerea*) – (620, 869)

Evrópa, Asía og sunnanverð Afríka. – Reglulegur haust- og vetrargestur á sunnanverðu landinu, en hefur sést um allt land. Hans verður aðallega vart frá miðjum ágúst til fyrri hluta maí. Gráhegri er getið í mörgum eldri heimildum, enda stór og áberandi fugl. – *The Grey Heron is a regular autumn and winter visitor in the southern part of Iceland, but has been recorded in all parts of the country. It is mainly recorded from mid-August to early May. This species is mentioned in many earlier references on birds in Iceland.*

< 1800:

- 1) Suðurland, margir 1702. - Eggert Ólafsson & Bjarni Pálsson 1772.
- 2) Undir Jökli, Snæf, nokkrir 1702; „Fyrir sunnan Snjófellsjökul“. - Hestsannáll 1665-1718: 552.

1800-1879:

- 3) Á sjó: Eyjafjörður, Eyf, um 1815 (Anon). - Faber dagbók (19.7.1819).
- 4) Á sjó: Undan Siglufirði, lok júlí um 1815 [náð] (Anon); e.t.v. sami og hér næst á undan. - Faber dagbók (6.12.1819).
- 5) Grímsey, Eyf, lok september 1819 [náð] (Anon). - Faber 1822, Faber dagbók (25.3.1820 og 26.5.1820).

- 6) Látrar, V-Barð, fyrir 1820 (Anon). - Faber dagbók (29.9.1820).
 - 7) Keflavík, Gull, fundinn dauður 21. nóvember 1820 (Friedrich Faber); sjórekin - Faber dagbók (21.11.1820).
 - 8) Grindavík, Gull, allt að nfu á árunum eftir 1870 (Bjarni Sæmundsson). - Bjarni Sæmundsson 1905b, 1927.
 - 9) Grímsnes, Árn, haust 1872 [náð] (skv. Peter Nielsen). - Nielsen 1918.
 - 10) Akureyri, Eyf, fjórir september 1876 [einum náð] (skv. Jakobi V. Havsteen). - Nielsen 1918.
- 1880-1899:**
- 11) Stokkseyri, Árn, sjö haustið 1881 (skv. Peter Nielsen). - Nielsen 1918.
 - 12) „Nærri Skagafirði“, Skag, sumar 1885 (Henry H. Slater, Thomas Carter). - Slater & Carter 1886a,b.
 - 13) Hvaleyrarlón í Hafnarfirði, Gull, október 1889 [náð] (Anon). - Benedikt Gröndal 1895, Nielsen 1918.
 - 14) Vestmannaeyjar, Vestm, 1891 (Anon). - Benedikt Gröndal 1895, Nielsen 1918.
 - 15) Reykjavík (Þvottalaugarnar), 17. desember 1892 (Anon). - Benedikt Gröndal 1895, Nielsen 1918.
 - 16) Undir Eyjafjöllum, Rang, 23. júlí 1894 (Stefán Stefánsson). - Stefán Stefánsson 1902.
 - 17) Stokkseyri, Árn, þrír sumar 1894 (Peter Nielsen). - Nielsen 1918.
 - 18) Holt í Rangárvallahreppi, Rang, fundinn dauður í byrjun febrúar 1895 (Anon). - Nielsen 1918.
 - 19) Urriðakotsvatn í Garðabæ, Gull, haust 1896 til vors 1897 (Matthías Þórðarson). - Bjarni Sæmundsson 1905b, Hantzsch 1905.
 - 20) Akranes, Borg, tveir 20. september 1897 (Bjarni Sæmundsson). - Bjarni Sæmundsson 1905b, Hantzsch 1905.
 - 21) Reykjavík, tveir 2. október 1897 (Bjarni Sæmundsson). - Bjarni Sæmundsson 1905b, Hantzsch 1905.
 - =) Reykjavík (Laugarnes), 25. október 1897 [fullo? RMGnr. 153, hent fyrir 1941] (Jón Jørgensen), desember 1897 [fullo? RMGnr. 154, hent fyrir 1941] (Guðmundur Jónsson). - Benedikt Gröndal 1898a, Bjarni Sæmundsson 1905b, Hantzsch 1905.
- 1900-1919:**
- 22) Eyrarbakki, Árn, 12. febrúar 1905 [náð, sennilega ZM37.072] (Anon). - Nielsen 1918.
 - 23) Reykjavík (Tjörmin), 15. september 1905 (Richard Hörring). - Hörring dagbók, Ólafur K. Nielsen 1992.
 - 24) Heimaey, Vestm, þrír 29.-31. ágúst 1907 (Bjarni Sæmundsson). - Bjarni Sæmundsson 1913b.
 - 25) Mývatn, S-Þing, 12. október 1909 [náð] (Anon). - Dinesen 1926.
 - 26) Seltjarnarnes, Kjós, tveir 6. október 1913 [öðrum náð] (Einar Gunnarsson). - Bjarni Sæmundsson 1933-34 og minnisbók.
 - 27) Reykjavík, fjórir í nóvember 1915 (Bjarni Sæmundsson). - Bjarni Sæmundsson 1933-34.
 - 28) Eyjafjörður, Eyf, fundinn dauður 1917 [RMGnr. 1257, hent 1941] (Anon).
- 1920-1929:**
- 29) Reykjavík, haust 1921 [náð] (Anon). - Bjarni Sæmundsson 1933-34.
 - 30) Öndverðarnesskógur í Grímsnesi, Árn, í fyrri hluta janúar til sumars 1925 (Aðalsteinn Sigmundsson o.fl.); kom eitt sinn heim að Alviðru í Ölfusi. - Nielsen minnisbók.
 - 31) Alviðra í Ölfusi, Árn, tveir vetur 1925 til 1926 (Árni Jónsson). - Nielsen minnisbók.
 - 32) Grindavík, Gull, tveir-þrír 20.-23. október 1925 (Bjarni Sæmundsson). - Bjarni Sæmundsson 1927 og minnisbók.
 - 33) Grindavík, Gull, nfu 5. október 1926 (Bjarni Sæmundsson). - Bjarni Sæmundsson 1927, 1933-34.
 - 34) Reykjavík (Ellidavatn), 15. nóvember 1926 (Agnar Koefoed-Hansen). - Bjarni Sæmundsson 1927, 1933-34.
 - 35) Hagi í Aðaldal, S-Þing, nóvember 1926 (Þorgeir Jakobsson).
 - 36) Ölfus, Árn, fundinn dauður byrjun janúar 1927 (Anon). - Bjarni Sæmundsson 1927, 1933-34.
 - 37) Grindavík, Gull, september 1927 (Bjarni Sæmundsson). - Bjarni Sæmundsson 1933-34.
 - 38) Grindavík, Gull, tveir 6. apríl 1928 (Bjarni Sæmundsson). - Bjarni Sæmundsson 1933-34.
 - 39) Grindavík, Gull, þrír 7. október 1928, nfu í síðari hluta október 1928 (Bjarni Sæmundsson, Eiríkur Tómasson). - Bjarni Sæmundsson 1933-34 og minnisbók.
 - 40) Seltjarnarnes, Kjós, fimm 3. október 1929 (Guðmundur Jónsson). - Bjarni Sæmundsson 1933-34.
 - 41) Reykjavík (Grafarvogur), nfu 4. október 1929 [einum náð] (Guðmundur Jónsson). - Bjarni Sæmundsson 1933-34 og minnisbók.
 - 42) Grindavík, Gull, 17. október 1929, fimm 18. október 1929, tveir 19. október 1929, fjórir 6. mars 1930, einn 10. apríl 1930 (Bjarni Sæmundsson). - Bjarni Sæmundsson minnisbók.

1930-1934:

- 43) Sandur í Aðaldal, S-Þing, þrír 1930 (Guðmundur Friðjónsson). - Bjarni Sæmundsson 1933-34.
- 44) Grindavík, Gull, fjórir 12. október 1930, einn 13. október 1930, ellefu 14. október 1930 (Bjarni Sæmundsson). - Bjarni Sæmundsson minnisbók.
- 45) Nálægt Reykjavík, september 1931 (Guðmundur Jónsson). - Bjarni Sæmundsson minnisbók.
- 46) Skaftafellssýsla, Skaft, desember 1931 (Ragnar Ásgeirsson). - Bjarni Sæmundsson 1933-34 og minnisbók.
- 47) Vatneyri við Patreksfjörð, V-Barð, vetur 1931 til 1932 (Ól. Jóh.). - Bjarni Sæmundsson 1933-34 og minnisbók.
- 48) Grindavík, Gull, janúar til lok febrúar 1932. - Bjarni Sæmundsson 1933-34.
- 49) Grindavík, Gull, fimm 19. október 1932. - Bjarni Sæmundsson 1933-34.
- 50) Sigurðarstaðir á Melrakkaslétu, N-Þing, einn árið 1933 (Sigurður Steindórsson).
- 51) Akureyri, Eyf, 26. ágúst 1933 [ungf] (Kristján Geirmundsson).
- 52) Seltjarnarnes (Gróttu), Kjós, tveir vetur 1933 til 1934 (Anon). - Nýja Dagblaðið 25.2.1934.
- 53) Bakkafjörður, N-Múl, fundinn dauður 1934 [í einkasafni árið 1979] (Anon).
- 54) Leirhöfn á Melrakkaslétu, N-Þing, einn árið 1934 (Sigurður Steindórsson).
- 55) Akureyri, Eyf, 8. nóvember 1934 [ungur ♀ í Nátt.Akur.] (Kristján Geirmundsson). - Kristján Geirmundsson 1935, Timmermann 1949.

1935-1939:

- 56) Skutulsfjörður, N-Ísfl, 1936 [fullu RM245] (Þorsteinn S. Kjarval). - Bjarni Sæmundsson 1939a.
- 57) Heimaey, Vestm, vetur 1936 til 1937, t.d. 18. mars 1937 (Þorsteinn Einarsson).
- 58) Dilksnes í Nesjum, A-Skaft, 3. maí 1937 (Eymundur Björnsson).
- 59) Fagurhólmeyri í Örafum, A-Skaft, tveir október til 28. nóvember 1937 (Sigurður Björnsson).
- 60) Leirhöfn á Melrakkaslétu, N-Þing, 1. nóvember 1937 [ungf náð] (Sigurður Kristjánsson); merktur „1/305“ og sleppt 7. nóvember, en náðist síðan í Breiðuvík, V-Barð, 27. nóvember 1937. - Magnús Björnsson 1940, Timmermann 1949.
- 61) Breiðavík, V-Barð, 16. nóvember 1937 [fullu náð] (Halldór Guðbjartsson). - Magnús Björnsson 1940, Timmermann 1949.
- 62) Lambavatn á Rauðasandi, V-Barð, sumar til september 1938 (Eyjólfur Sveinsson o.fl.). - Finnur Guðmundsson 1940.
- 63) Fagurhólmeyri í Örafum, A-Skaft, um átta haustið 1938 (Sigurður Björnsson).
- 64) Heimaey, Vestm, þrír 18. nóvember 1938, einn 2. desember 1938 (skv. Þorsteini Einarssyni). - Finnur Guðmundsson 1940.
- 65) Þinganes í Hornafirði, A-Skaft, fundinn dauður 13. janúar 1939 (Torfi Þorsteinsson); merktur „Oslo 05664“ við Nádlandsvatn, Birkeland, Eigersund, SV-Noregi, 15.6.1938. - Finnur Guðmundsson 1940.
- 66) Sandvík í Bárðardal, S-Þing, mánaðamót september/október 1939 (Kári Tryggvason). - Finnur Guðmundsson 1940.
- 67) Heimaey, Vestm, 12. september 1939, 19. nóvember 1939, 1. desember 1939 (skv. Þorsteini Einarssyni). - Finnur Guðmundsson 1940.
- 68) Dilksnes í Nesjum, A-Skaft, átta í október 1939 (Eymundur Björnsson). - Finnur Guðmundsson 1940.
- 69) Bakkavík við Húsavík, S-Þing, tveir 6. október til miðs október 1939 [öðrum náð] (Kristján Geirmundsson). - Finnur Guðmundsson 1940, Magnús Björnsson 1940.

1940-1944:

